



BA ritgerð

Þjóðfræði

„. . . svo miklar drossíur“

Silver Cross barnavagnar – saga, menning og fortíðarþrá í
Íslensku samfélagi á 20. og 21. öld

Thelma Björgvinsdóttir

Elsa Ósk Alfreðsdóttir
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

„ . . . svo miklar drossiur“

*Silver Cross barnavagnar – saga, menning og fortíðarþrá í íslensku samfélagi á
20. og 21. öld*

Thelma Björgvinsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Elsa Ósk Alfreðsdóttir

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

„ . . . svo miklar drossíur“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í þjóðfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Thelma Björgvinsdóttir, 2019

Prentun: Svansprent
Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um Silver Cross barnavagna og þá sögu, menningu og fortíðarþrá sem virðist ríkja í tengslum við þá. Eigindleg rannsóknaraðferð var notuð við gagnasöfnun þar sem viðtöl voru tekin við fjórar konur sem allar eiga það sameiginlegt að eiga Silver Cross barnavagn. Margar konur upplifa sterk tilfinningaleg tengsl við sína vagna og geta ekki hugsað sér að selja þá. Efnislegir hlutir, eins og Silver Cross barnavagnar, eru hluti af upplifun okkar og tilveru en verða síðar hlutgerðar minningar sem geyma sögur af liðinni tíð. Þeir geta einnig hreyft við okkur tilfinningalega og fært okkur í huganum samstundis til fortíðar. Margir eiga fallegar minningar frá því þeirra eigin börn voru í vagni og hugsa oft til liðinna tíma þar sem fortíðin lifir í minningum sem mega ekki gleymast. Þeir eru ákveðið stöðutákn í samfélaginu vegna þess að í gegnum tíðina hafa slíkir vagnar öðlast aðdáun og eftirtekt, þeir eru traustir, eldast vel og hafa öðlast virðingu. Þeir eru margir hverjir sérstaklega fallegir og auðvelt er að hrífast af þeim. Vagn getur tilheyrt sömu fjölskyldu, kynslóð fram af kynslóð, og því getur sagan sem honum fylgir verið áhugaverð. Sú menning sem virðist vera ríkjandi hjá eigendum Silver Cross vagna svipar mjög til þeirrar menningar sem ríkir innan fornbílaáhugamanna og má þar einnig finna hliðstæðu í orðræðu.

Formáli

Það er dásamleg tilfinning að setjast niður og skrifa formála að þessari 12 eininga BA ritgerð í þjóðfræði sem hefur átt hug minn í langan tíma. Áhugi minn á Silver Cross barnavögnum hefur verið til staðar frá því að ég var lítil stúlka og ég horfði með aðdáun á þessa fallegu vagna. Þegar ég hafði aldur til leitaðist ég eftir því að fá að gæta barna sem voru í Silver Cross vögnum og fylltist stolti þegar ég gekk um götur bæjarins með fallegan vagn. Þar sem ég ólst upp á Suðurnesjum á níunda og tíunda áratug síðustu aldar voru fjölmargir Silver Cross barnavagnar og voru þeir hver öðrum glæsilegri.

Heimilið hefur í gegnum tíðina verið á ábyrgð kvenna og barnauppeldi hefur fylgt móðurhlutverkinu. Saga kvenna hefur ekki verið sýnileg í söguvitund fólks og þar af leiðandi þótti mér viðeigandi að rannsaka efni sem ætti sterka tengingu við konur. Mér þótti því tilvalið að velja Silver Cross barnavagna sem viðfangsefni fyrir námskeiðið *Söfnun þjóðfræða* í Háskóla Íslands en í því námskeiði er fjallað um viðtalstækni, söfnun frumgagna og beitingu hugtaka á þeim gögnum ásamt lokaritgerð. Eftir töluverða umhugsun ákvað ég að halda áfram með verkefnið og má því segja að þessi rannsókn sé framhald af þeirri námskeiðsritgerð. Það er von mín að þessi rannsókn veiti innsýn í kvennamenningu sem er til staðar í samfélaginu og að hún sé skemmtilegur lestur.

Mig langar að þakka viðmælendum mínum fyrir að taka þátt í þessari rannsókn minni og fyrir að treysta mér í þessu ferli. Ég vil einnig þakka vinkonu minni og samnemenda, Maríu Sif Bergþórsdóttur fyrir góð ráð, aðstoð og skemmtilegan tíma á meðan á náminu stóð. Sérstakar þakkir fær leiðbeinandi minn, Elsa Ósk Alfreðsdóttir, fyrir hvatningu og trú á bæði mér og verkefninu. Foreldrar mínir og systir fá þakkir fyrir að gæta barnanna minna þegar á þurfti og fyrir þeirra stuðning í náminu mínu. Rafholti þakka ég veittan stuðning vegna sýningarinnar „svo miklar drossíur“. Að lokum langar mig að þakka fjölskyldunni minni, eigimanni mínum, Vilhjálmi og börnunum mínum, Sögu Rún, Degi Orra og Kötlu Nótt fyrir ótakmarkaða þolinmæði og stuðning þegar ég þurfti á því að halda.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	7
2 Silver Cross	9
2.1 Rannsóknin.....	10
3 Hugtök og kenningar	12
3.1 Hópur	12
3.2 Kvennasaga	13
3.3 Veruháttur.....	15
3.4 Efnismenning.....	16
3.5 Hrif.....	16
3.6 Fortíðarþrá	17
4 Aðferðafræði	19
4.1 Viðmælendur og vettvangur.....	19
5 Viðtalsgreining	24
5.1 Silver Cross og fornbílar	24
5.2 Silver Cross – móðurhlutverkið sett á svið?.....	27
5.3 Silver Cross og fortíðarþrá	29
6 „ . . svo miklar drossíur“ – sýning í Duus Safnahúsum	33
7 Niðurstöður	37
Heimildaskrá	39
Viðauki	41

1 Inngangur

Hinir ýmsu hlutir koma við sögu í daglegu lífi fólks og hafa þessir hlutir mismunandi þýðingu fyrir hvern og einn. Á meðan sumir einstaklingar tengjast ákveðnum hlutum tilfinningalegum böndum eru aðrir sem láta slíkt ekki hafa áhrif á sig. Til að mynda getur lampi, sem hefur verið í eigu ömmu og afa, verið dýrgripur í augum eins fjölskyldumeðlims og viðkomandi væri mikið í mun að eignast hann. Hins vegar gæti öðrum fjölskyldumeðlimum verið alveg sama um þennan tiltekna lampa því þeir hafa ekki sömu tilfinningalegu tengsl við þennan lampa.

Silver Cross barnavagnar hafa verið vinsælir um allan heim í áratugi og í þessari rannsóknarvinnu komst ég að því að það er talið nokkuð merkilegt að eiga slíkan vagn. Viss aðdáun fylgir þeim þar sem vagnarnir eru margir hverjir mjög fallegir og mikil vinna hefur verið lögð í viðhald á þeim og jafnvel gagngera endurnýjun. Að auki eru þeir ekki á hvers manns færi því þessir vagnar eru oftast nær nokkuð dýrir og því má segja að þeir séu ákveðið stöðutákn í samfélaginu.

Ætlun þessarar rannsóknar er að skoða hvers vegna Silver Cross vagnar eru vinsælir á meðal kvenna og hvers vegna slíkir vagnar hafa meira tilfinningalegt gildi en önnur vörumerki og tengja þær við uppgötvanir við þjóðfræðileg hugtök. Einnig mun ég velta fyrir mér hvað það er sem heillar fólk varðandi þessa vagna og hvers vegna Silver Cross er valinn fram yfir önnur vörumerki. Hliðstæða í orðræðu um Silver Cross vagna og fornbíla er einnig áhugaverð og mun ég skoða þá menningu sem virðist vera ríkjandi í tengslum við Silver Cross vagna.

Í upphafi verður farið yfir sögu Silver Cross vagna ásamt þeirri rannsóknarvinnu sem fram fór. Í þriðja kafla eru þau hugtök sem notuð voru við greiningu á viðtölum í þessari rannsókn, útskýrð. Í fjórða kafla verður fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við gagnasöfnun en í þessari rannsókn var eigindlegri rannsóknaraðferð beitt. Því næst eru viðmælendur kynntir ásamt vettvangslýsingum. Í fimmta kafla eru þeim hugtökum, sem kynnt voru í þriðja kafla, beitt til þess að svara rannsóknarspurningum og reynt að varpa ljósi á hvers vegna einstaklingar mynda sterk tilfinningaleg tengsl við hluti eins og Silver Cross barnavagna. Í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum er fjallað um sýningu á

Silver Cross barnavögnum sem ég setti upp á síðasta ári í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar en sú sýning stóð yfir í rúmlega tvo mánuði og fékk frábær viðbrögð en þessi ritgerð byggir einnig á viðbrögðum fólks við sýningunni. Að lokum verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman.

2 Silver Cross

Saga Silver Cross vagna er löng en vörumerkið var stofnað árið 1877 í Leeds á Englandi og er eitt elsta vörumerki í heimi tengt barnavörum. Breskur verkfræðingur, William Wilson, stofnaði vörumerkið og í framhaldi af því fyrirtæki sem framleiddi barnavagna en hann þróaði nýstárlegt fjöðrunarkerfi og færanlegan skerm á barnavagna sem er undirstaða hönnunar á barnavögnum sem þekktust er í dag. Um aldamótin 1900 var Silver Cross orðið að stórum framleiðanda á barnavögnum og voru þeir mjög vinsælir í Bretlandi sem og víðar.

Vinsældir Silver Cross vagna hafa aukist í gegnum tíðina og sterk hefð hefur jafnframt myndast fyrir slíkum vögnum í mörgum fjölskyldum. Til að mynda hefur ein frægasta fjölskylda heims, konungsfjölskyldan í Bretlandi, haldið tryggð við merkið en flestöll börn sem hafa fæðst í fjölskyldunni hafa verið í slíkum vagni og enn í dag má sjá konungsborin ungabörn í Silver Cross vögnum. Um miðja 20. öld voru Silver Cross vagnar í útrás um allan heim og voru í daglegu tali nefndir „Rolls Royce“ barnavagnanna, sem ber merki um gæði og vinsældir þeirra. Um 1960 var Silver Cross fyrirtækið orðið helsti barnavagnaframleiðandi Bretlands og vörumerkið orðið alþekkt. Um 1980 gerðu viðskiptavinir kröfur um léttari og sveigjanlegri vagna sem væri auðveldara að ferðast með en með því að fylgja þessum kröfum eftir var Silver Cross fyrirtækið orðið að einum stærsta barnavagnaframleiðanda í Evrópu (Silver Cross. á.á.).

Silver Cross barnavagnar hafa verið vinsælir á Íslandi í fjöldamörg ár og til eru mörg eintök af slíkum vögnum. Hér á landi var hægt að kaupa Silver Cross vagna í barnavöruversluninni Vörðunni en hún var með umboð fyrir vagnana. Hins vegar voru fjölmargir vagnar keyptir í Bretlandi og fluttir sjóleiðina til Íslands. Tíðar siglingar voru á milli Bretlands og Íslands en þær hófust í kringum 1950 þar sem fiskur var fluttur út í miklum mæli (Davíð Ólafsson, 1951). Í flestum tilvikum voru lestar skipanna tómar á leiðinni til Íslands og þar af leiðandi færðist það í vöxt að vörur, eins og Silver Cross barnavagnar, kæmu með til baka. Silver Cross vagnar voru mjög dýrir og ef til vill ekki á hvers manns færi að fjárfesta í slíkum vagni en með því að flytja þá með fiskiskipum til landsins mátti spara háar fjárhæðir (Lilja Karlsdóttir, munnleg heimild, 12. ágúst 2018). Einnig má nefna að vagnar gengu á milli kynslóða í sömu fjölskyldu og um leið og eitt barn var hætt að nota vagninn tók næsta barn við. Ef fjölskyldur sáu ekki fram á að geta notað

vagninn var hann seldur fyrir upphæð sem samsvaraði nokkurra mánaða leigu á síðari hluta tuttugustu aldar (Sigríður Jónasdóttir, munnleg heimild, 30. ágúst 2018).

Áhugaverðar sögur fylgja oft Silver Cross vögnum sem hafa tilheyrt sömu fjölskyldu og margar minningar tengjast þeim. Oft á tíðum er búið að leggja mikla vinnu í viðhald og varðveislu á þessum fallegu vögnum sem tengjast fólki tilfinningaböndum. Fólki þykir gjarnan merkilegt að eiga einn slíkan vagn og þeim fylgir viss aðdáun. Vagnarnir eru margir hverjir mjög fallegir og talsverð vinna hefur verið lögð í að gera þá upp og halda þeim við. Þar sem þessir vagnar eru dýrir má segja að þeir séu ákveðið stöðutákn í samfélaginu.

2.1 Rannsóknin

Upphafið á þessari rannsókn minni má rekja til námskeiðsins Söfnun þjóðfræða í Háskóla Íslands. Námskeiðið kennir aðferðir við söfnun, varðveislu og útgáfu þjóðfræðiefnis með áherslu á viðtöl við heimildarmenn, skráningu heimilda ásamt frágangi til varðveislu og útgáfu. Í námskeiðinu er nemendum veitt frelsi til þess að velja efni til umfjöllunar og þegar ég var í þeim hugleiðingum sá ég viðtal í DV við Aðalheiði Svönu Sigurðardóttur, sem er einn af viðmælendum mínum, þar sem hún sagði frá áhuga sínum á Silver Cross vögnum (Aðalheiður Svana Sigurðardóttir, 2014). Mér fannst efnið áhugavert en hafði sjálf ekki mikla þekkingu á því sem mér þótti kostur. Ég leitaði mér upplýsinga á netinu og fann meðal annars síðu á Facebook sem ber heitið „Silver Cross fíklar á Íslandi“ þar sem ég fann bæði umræður og myndir. Ég sendi inn fyrirspurn á síðuna og sagði frá hugmynd minni að rannsóknarverkefni og fékk mjög jákvæð viðbrögð frá meðlimum hópsins, öll frá konum. Á síðunni má finna fjölmargar myndir af fallegum vögnum sem og sögur frá eigendum þeirra sem vöktu forvitni mína.

Mér þótti áhugavert að skoða hvers vegna fólk velur Silver Cross vagn fram yfir aðra vagna og hvað það er sem því finnst heillandi við þá. Mig langaði að skoða af hverju fólk gerir slíka barnavagna upp og kaupir jafnvel gamla vagna til þess að nálgast varahluti, en hugmyndafræðin þar að baki og orðanotkun vísar gjarnan til fornþílaáhugamanna og má sjá samlíkingu á milli þessara hópa. Viðtölin sem ég tók í námskeiðinu voru löng og rík að efni og ég sá fljótt að aðeins hluti þeirra yrði nýttur í námskeiðinu.

Þetta verkefni vakti athygli og í kjölfarið bauðst mér að setja upp sýningu á Silver Cross barnavögnum í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar en nánar er fjallað um þá sýningu í sjötta kafla. Ég nota því sömu viðtöl til grundvallar og greiningar hér ásamt

munlegum heimildum og þeim upplýsingum sem fram komu á sýningunni en dreg einnig fram ný sjónarhorn og þemu og set í samhengi við kenningar félagsvísinda og sögulega þróun.

Silver Cross vagnar verða settir í samhengi við kvennasögu, kvennamenningu og samfélagslegan tíðaranda. Rýnt verður í hvernig þessir vagnar hafa gengið á milli fjölskyldumeðlima í ár og jafnvel áratugi, kynslóð fram af kynslóð. Þá verður sjónum einnig beint að því hvert tilfinningalegt gildi þeirra er innan fjölskyldna út frá hugmyndum um hrif (e. affect) og efnismenningu (e. material culture). Þar sem efnislegir hlutir eru hluti af upplifun okkar og tilveru, sem er tengd barneignum í tilfalli Silver Cross vagna, en verða síðar hlutgerðar minningar sem geyma sögur af liðinni tíð. Þá skoða ég hugtakið fortíðarþrá (e. nostalgia) og hvernig það sprettur upp úr gögnum, en hlutir eins og barnavagnar geta bæði hreyft við okkur tilfinningalega og fært okkur í huganum samstundis til fortíðar.

3 Hugtök og kenningar

Þau hugtök sem verða notuð í þessari ritgerð eru hópur (e. group), kvennasaga (e. women's history), kvennamening (e. women's culture), veruháttur (e. habitus), efnismening (e. material culture), hrif (e. affect) og fortíðarþrá (e. nostalgia). Notuð verða rit og greinar fræðimannanna, Alan Dundes, Orvar Löfgren, Pierre Bourdieu og Dorothy Noyes ásamt fleirum, til að skýra út kenningar og hugtök sem munu síðar verða notuð til greiningar á gögnum um Silver Cross barnavagna.

3.1 Hópur

Áður en fjallað verður um þessar kenningar verður fyrst og fremst að útskýra hugtakið hópur (e. group) því viðmælendur eiga allir það sameiginlegt að eiga Silver Cross vagn og tilheyra þar af leiðandi sama hópi. Einnig virðist fólk tengjast böndum við það eitt að eiga slíkan vagn og mynda, sem dæmi, samfélög í gegn um samfélagsmiðla sem hverfast um barnavagnana. Í bókinni *Living Folklore* er fjallað um hugtakið hópur en hann getur samanstðið af tveimur eða jafnvel fleiri einstaklingum sem deila sameiginlegum hefðum, áhugamálum og reynslu (Sims og Stephens, 2011: 30-31). Samkvæmt bandaríska þjóðfræðingnum Alan Dundes getur hópur, til að mynda, átt sameiginleg áhugamál, tungumál eða trú en mikilvægast er að einstaklingar framfylgi þeim hefðum sem einkennir hópinn. Einstaklingar innan hópsins þurfa ekki að þekkjast náið en þó þurfa þeir að deila sameiginlegum einkennum sem veitir þeim ákveðna sjálfsmynd (Dundes, 1965: 2).

Hópar eru hins vegar ekki einsleitir samkvæmt bandaríska þjóðfræðingnum Dorothy Noyes og flestir tilheyra mörgum hópum (Noyes, 2016: 21). Konur og karlar tilheyra fjölskylduhóp, vinnuhóp, vínahóp og svo framvegis en í þessari ritgerð verður lögð áhersla á ákveðinn kvannahóp sem hefur sameiginlegan áhuga á Silver Cross barnavögnum. Þessi kvennaheimur tengir Silver Cross vagna við ákveðna þjóðfélagsstöðu sem er eftirsóknarverð innan samfélagsins og hefur jafnframt áhrif á sjálfsmynd hópsins.

3.2 Kvennasaga

Í gegnum tíðina hefur staða konunnar verið samofin heimilinu og sú ábyrgð sem felst í því að reka heimili hefur verið á herðum kvenna á meðan maðurinn sinnir þeirri ábyrgð og þeim verkefnum sem eru fyrir utan heimilið, svo sem á opinberum vettvangi, í embættum og á stofnunum. Þessi verkaskipting hefur meðal annarra þátta orðið til þess að saga kvenna hefur verið í skugga eða jafnvel ósýnileg í sögubókum og söguvitund þar sem staða þeirra var inni á heimilum og var því ekki skráð nema í sendibréfum og dagbókum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 1997: 59-60). Viðburðir sem gerðust í almannarýminu, og voru þar með viðfangsefni karlmannna, voru hins vegar gjarnan skráð í fundarbókum, kirkjubókum og fleiri slíkum opinberum heimildum. Á síðustu áratugum hefur þó orðið töluverð vakning um slíkan kynjahalla í sögubókum og sjónum hefur, í auknum mæli, verið beint að kvennasögu. Yfirvöldum á Íslandi þótti óþarfi að kenna ungum stúlkum reikning og skrift þar sem þær áttu að beina sjónum sínum að heimilsstörfum frekar en að virkja hugann. Þessi hugsanaháttur breyttist seint á nítjándu öld en þá áttu sér stað miklar breytingar á Íslandi. Nýjar hugmyndir um lífið og frelsi einstaklinga komu fram og konur eygðu von á auknum réttindum í samfélaginu. Konur fengu menntun en sú menntun snéri enn að heimilisstörfum þar sem hin hefðbundna útvinnna og bókleg menntun var talin óþörf og jafnvel illa séð. Oft voru konur sem voru með karlæga ímynd eða konur sem framkvæmdu verk sem talin hafa verið karlmannsverk kallaðar kvenskörungur og var oft litið upp til slíkra kvenna, mun frekar en til þeirra sem sinntu „hefðbundnum“ kvennaverkefnum (Erla Hulda Halldórsdóttir, 1997: 57-63). Þegar talað er um kvennamenningu þá er átt við þá afþreyingu og athafnir sem konur gerðu í hópum og tilheyrðu þeirra samfélagslega hlutverki á 19. og 20. öld að einhverju eða öllu leyti. Sem dæmi um kvennamenningu má nefna starfsemi kvenfélaga, aðferðir við útsaum og handverk, einnig húsmóður- og móðurhlutverk.

Í bókinni *Culture Builders* eftir Jonas Frykman og Orvar Löfgren er fjallað um sænsk heimili á nítjándu og tuttugustu öld og hvernig skýr skipting var á meðal karla og kvenna í millistétt. Á nítjándu öld varð aukin áhersla á ást og umhyggju og einkalíf fólks var viðurkennt meðal annars með tilkomu hjónaherbergis en áður sváfu allir í sama rými. Einkalíf hjóna varð til og þar með aðskilið því félagslífi sem átti sér stað á heimilinu en á þeim tíma bjó stórfjölskyldan oft á tíðum undir sama þaki en þó áttu börn og vinnufólk ekki rétt á einkalífi. Undir lok nítjándu aldar urðu félagslegar áherslur skýrari og hugtök

eins og barn og æska urðu til sem afmarkað skeið í lífi fólks en börn fengu sitt eigið rými og gátu þar með þróað sína einstaklingshyggju. Heimilið öðlaðist gildi, varð táknrænt og jafnframt griðarstaður fyrir fjölskyldumeðlimi þar sem mannleg tengsl og samskipti áttu sér stað. Fólk lagði aukna áherslu á þægilegheit, fegurð og persónugerð heimili en áður fyrr var húsið einungis athvarf fyrir fjölskylduna (Frykman og Löfgren, 2008: 133-135).

Um miðja tuttugustu öld urðu miklar samfélagslegar breytingar í Svíþjóð og víðar í Evrópu. Fólk var umhugað um heimili sín og sú þörf að fegra sitt nánasta umhverfi varð til, sem fyrr segir. Hugtökin einkarými og almennarými urðu til og voru skýr skil á milli þessara rýma. Heimilið var einkarými og stóð fyrir hlýleika, öryggi og jafnvægi, það var á ábyrgð kvenna og þeirra hlutverk var að rækta fjölskylduna sem og heimilið. Karlmaðurinn var hins vegar útivinnandi og hans svið var almennarýmið þar sem raunsæi og afkastageta voru mikilvægir þættir í lífi hans en hann einbeitti sér gjarnan að starfsferlinum og því að afla tekna fyrir heimilið. Karlmenntun þurfti að vera sýnileg út á við því það sýndi ákveðna stöðu innan samfélagsins þar sem eiginkonan var táknræn fyrir kvenleika, fegurð og ástúð en karlmaðurinn átti að sýna styrkleika, raunsæi og getu sem höfuð fjölskyldunnar. Heimilið var því griðarstaður fyrir karla þar sem öryggi, ástúð og kærleikur var í hávegum hafður og tilfinningar máttu flæða (Frykman og Löfgren, 2008: 133-135).

Þegar samfélagsleg staða kvenna á Íslandi er borin saman við stöðu kvenna í Svíþjóð er hægt að greina hliðstæða orðræðu. Konur þurftu að berjast fyrir réttindum sínum varðandi menntun, bæði á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu og undir lok nítjándu aldar var mikilvægi kvenna sem mæður og uppaldur viðurkennt en það var á ábyrgð þeirra að varðveita tungumálið ásamt því að vekja upp ættjarðarást hjá börnum sínum. Talsmenn aukinna réttinda kvenna töldu að áhrif þeirra í samfélaginu væru siðbætandi þar sem umhyggja, samúð og sterk siðferðiskennd væri þeim eðlislæg. Konur sem kennarar og fræðimenn heimilisins lögðu þar með grunn að menntun komandi kynslóða (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2011: 218).

Í bók Jónasar Jónassonar, *Íslenskir Þjóðhættir*, kemur jafnframt fram að á fyrri hluta nítjándu aldar á Íslandi var lítið um að foreldrar sýndu börnum sínum ást og umhyggju (Jónas Jónasson, 2011: 272). Á tuttugustu öld urðu hins vegar breyttar áherslur í barnaupeldi og *æskan* varð að afmörkuðu tímabili sem þurfti að gæta sérstaklega að. Breytingar sem urðu á hugmyndum um fjölskylduna urðu hér á landi í líkingu við það sem

gerðist við tilurð borgarastéttarinnar í Svíþjóð og lýst var hér að ofan. Faðir heimilisins var ávallt útivinnandi hér á landi og því kom það í hlut móðurinnar að sinna börnunum. Fólki í þéttbýli fjölgaði stöðugt, almannarýmið varð stærra en áður hafði þekkt og fólk varð meðvitaðara gagnvart náunganum vegna þessa. Það varð því auðveldara að fylgjast með því sem aðrir voru gera og hvernig þeir gerðu það í þéttbýli heldur en í dreifbýli. Þessi breyting á búsetuhögum hafði þau áhrif að fólk vildi gjarnan sýna sínar bestu hliðar fyrir utan heimilið og var það yfirleitt á ábyrgð móðurinnar þar sem faðirinn var oftast útivinnandi.

3.3 Veruháttur

Þessi þörf til að sýna sig eða setja sig á svið getur einnig tengst hugtakinu félagslegur veruháttur (e. habitus) en franskur félagsvísindamaðurinn Pierre Bourdieu kom fram með hugtakið á sjöunda áratug síðustu aldar. Það útskýrir hvernig hugsanir, þrár og athafnir mótast af því umhverfi sem einstaklingur hefur alist upp við. Hægt er að finna góða útskýringu á hugtaki Bourdieu í greininni Almenningsálitid er ekki til í þýðingu Davíðs Kristinssonar:

Hugtakið vísar til reglubundinnar, ómeðvitaðrar formgerðar sem einkennir hugsun, skynjun, hegðun og mat viðkomandi einstaklings. Habitus rennur einstaklingnum í merg og bein í kjölfar áralangrar dvalar hans við þau tilteknu lífsskilyrði sem einkenna umhverfi hans. Þó að hver og einn hafi að einhverju leyti einstakan habitus, sem er afsprengi sérstæðrar sögu, er habitus um leið ópersónulegur og félagslegur. Fólk sem elst upp í svipuðu umhverfi hefur gjarnan svipaðan habitus sökum þess að það holdtekur sömu samfélagsgerð (Bourdieu, 2007: 8).

Á tuttugustu öld var algengt á meðal borgarastéttarinnar í Skandinavíu að heimilið, ásamt hlutum sem tengdust því, væri á ábyrgð húsfreyjunnar (Frykman og Löfgren, 2008: 133-135).

Það þótti mikilvægt að allt sem tengdist heimilinu væri sett fram á fagurfræðilegan hátt, hvort sem það voru púðarnir í betri stofunni sem um ræddi eða barnavagn sem yngsta afkvæmið hverju sinni svaf í. Gæði heimilisins endurspegluðu konuna sjálfa, sýndu samfélagslega stöðu hennar og það sem hún stóð fyrir innan þess en þetta var þeim kennt af formæðrum sínum strax á unga aldri. Veruháttur konunnar var því mótaður af því samfélagi um formgerð þess sem hún ólst upp við og lifði innan. Gönguferð með Silver Cross barnavagn er hluti af þeirri formgerð, sú athöfn að ganga um með barnið sitt í slíkum

vagni sýndi því margt í senn; félagslega stöðu konunnar, smekkvísi hennar, hlutverk hennar sem móður og jafnvel tengingu við eldri kynslóðir. Veru-háttur kvenna á göngu um bæi og borgir skipaði þeim því saman í hóp þar sem þær áttu bæði móðurhlutverk sitt og hinn áþreifanlega hlut, barnavagninn, sameiginlegan.

3.4 Efnismenning

Í greininni *The Black Box of Everyday Life: Entanglements of Stuff, Affects, and Activities* eftir Orvar Löfgren kemur fram hvernig efnislegir hlutir hafa verið rannsakaðir innan þjóðfræðinnar. Hér má nefna helst hluti sem tengjast tækni, handverki og fagurfræði, eins og til að mynda safngripir, sem fólk notar í sínu daglega lífi. Þessir hlutir sem tengjast neyslu eru ákveðið auðkennismerki innan heimilisins sem vísa í samfélagslega stöðu einstaklinga. Efnismenning er ákveðin menning sem er gerð efnisleg. Fræðimenn á sviði efnismenningar einbeita sér að hlutum en fjalla ekki eingöngu um þá heldur nota þeir hluti til þess að nálgast huga og athafnasemi mannsins í hversdagsleikanum. Vörumerkið Ittala er til að mynda algeng hönnunarvara á íslenskum heimilium sem og í Skandinavíu og fjölmargar greinar birtast reglulega um vinsældir þess. Löfgren bendir á í grein sinni, *A Companion to Folklore* að fólk kaupi nýja hluti inn á heimili sín en þeir sem fyrir eru gleymast eða þeim er fargað (Löfgren, 2012: 169).

Hins vegar á þessi kenning ekki alltaf við því í huga sumra skipta minningar sem tengjast hlutum máli og eru mikilvægar. Silver Cross barnavagn getur haft slík áhrif og þar af leiðandi getur hann verið tilheyrt fjölskyldum, og þar með heimilum, lengi.

3.5 Hrif

Kenningar um hrif (e. affect) hjálpa okkur að skilja viðbrögð líkamans við ákveðnum athöfnum sem gerast í lífi fólks. Hrif eru viðbrögð sem líkaminn sýnir og er oft á tíðum ómeðvituð tjáning sem við framkvæmum þegar við upplifum hrifningu. Það sem vekur upp tilfinningar og hefur áhrif á fólk getur framkallað líkamleg viðbrögð við því sem gerist. Hrif geta verið líkamlega tjáðar tilfinningar, jafnvel þó að tilfinningin sé ósýnileg (Löfgren, 2014: 78). Fólk verður uppnúmið af fallegum hlutum líkt og til dæmis barnavagni en hann getur vakið upp hrif, áhrif, og þar með líkamlegar tilfinningar. Líkaminn getur sýnt ómeðvituð viðbrögð eins og til að mynda, taka andköf, glenna upp augun og brosa.

Sara Ahmed er bresk/ástralskur fræðimaður og prófessor sem hefur rannsakað hrif en samkvæmt henni hafa hlutir í kringum okkur mismunandi þýðingu fyrir hverjum og einum en flestir velja að hafa þá hluti sem veita hamingju og gleði í sínu umhverfi. Hamingja er ekki eitthvað sem gerist heldur tilfinning sem vaknar við athöfn sem veitir okkur ánægju. Hrif geta þá verið líkamleg viðbrögð við þessari tilfinningu og er hrif það sem viðheldur og varðveitir tengslin á milli hugmynda, gilda og hluta (Ahmed, 2010: 29-30). Einstaklingar eru eins mismunandi og þeir eru margir og því hrífast ekki allir af því sama og sýna ekki sömu viðbrögð við hlutum.

Hlutur getur sem fyrr segir haft áhrif á einstakling en umhverfið hefur einnig áhrif, til dæmis hvaðan hluturinn kemur og hver tengsl viðkomandi eru við þennan tiltekna hlut. Hjá sumum vekja ákveðnir hlutir upp tilfinningar eins og gleði eða sorg á meðan aðrir láta sér fátt um finnast og sýna lítil sem engin viðbrögð. Þegar hlutur hefur áhrif á fólk hefur viðkomandi lagt mat á þennan tiltekna hlut og sýnir líkamleg viðbrögð við hlutnum út frá því sem er í umhverfinu (Ahmed, 2010: 30). Það hvernig fólk bregst við ákveðnum hlutum má tengja við fortíð viðkomandi þar sem samspil minninga og veruleika hefur áhrif á líðan fólks í daglegu lífi. Sá tími sem fólk eyðir umhverfis hlutinn skiptir einnig máli en ekki síður sú táknræna og gildishlaðna minning sem eigandinn tengir við hlutinn sjálfan (Löfgren, 2014: 81). Silver Cross getur haft áhrif á einstakling vegna þess að hann getur vakið upp tilfinningar og þau áhrif geta kallað fram líkamleg viðbrögð. Til að mynda getur ungabarn í vagni vakið upp minningar sem rifjast upp, hvort sem þær eru góðar eða slæmar. Ef einstaklingur á fallegar minningar um barnavagn þá geta þessar tilfinningar vaknað upp og viðkomandi getur hugsað til tímans sem hann átti með sínu barni og upplifað vellíðan.

3.6 Fortíðarþrá

Fortíðarþrá (e. nostalgia) er hugtak sem má rekja aftur til sautjándu aldar en svissneskur læknir, Johann Hofer, nefndi hugtakið eftir gríska heitinu nostos sem þýðir að snúa aftur heim og algos sem þýðir sársaukafullt ástand (Cashman, 2010: 138). Fortíðarþrá getur verið mikilvæg til þess að meta nútíðina í samanburði við fortíðina. Samkvæmt Ray Cashman er fortíðarþrá menningarleg framkvæmd sem gerir fólki kleift að skilja nútíðina með hugsjónum fortíðar. Nostalgía er framkvæmd þar sem form og áhrif eru háð aðstæðum og þróun þeirra hefur eiginleika fagurfræðilegra skoðanna. Efnislegar leifar fortíðar hafa mismunandi þýðingu fyrir fólk (Cashman, 2006: 140-142). Þetta má tengja

við eigendur Silver Cross vagna en samkvæmt viðmælendum hafa sumir vagnar, fram yfir aðra, sérstaka þýðingu fyrir þær. Þær binda minningar við vagnana og tengja þá þar með við fortíðina þegar börnin þeirra voru lítil og dvöldu í þeim. Vagnarnir og minningarnar sem tengjast þeim eru því ákveðin fortíðarþrá og þar af leiðandi þykir þeim óhugsandi að láta þessa tilteknu vagna frá sér (TB2014_1: 5-6, TB2014_4: 10-11).

Hér hafa þær kenningar sem komu fram við greiningu á viðtölum verið kynntar ásamt þeim hugtökum sem tengjast þessari rannsókn. Í næsta kafla verður greint frá þeirri aðferðafræði sem var notuð við söfnun frumgagna ásamt kynningum á viðmælendum.

4 Aðferðafræði

Í þessari rannsókn notaði rannsakandi eigindlega rannsóknaraðferð við gagnasöfnun þar sem tekin voru einstaklingsviðtöl við fjórar konur en allar eiga þær það sameiginlegt að eiga Silver Cross barnavagna. Í eigindlegri rannsóknaraðferð er lagt upp með gagnasöfnun á vettvangi og opin eða hálf opin einstaklingsviðtöl þar sem leitast er eftir því að fá fram sjónarhorn viðmælanda. Aðstæður á vettvangi eru skoðaðar og skráðar nákvæmlega niður, viðtöl eru hljóðrituð og í framhaldi af því skrifuð orðrétt upp. Megindleg rannsóknaraðferð er önnur rannsóknaraðferð sem er oft notuð þó að ekki hafi verið notast við hana í þessari tilteknu rannsókn. Sagnfræðingurinn Valerie Raleigh Yow útskýrir báðar rannsóknaraðferðirnar í bók sinni, *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences*. Þar kemur fram að báðar aðferðir eru gagnlegar til þess að varpa ljósi á mannleg samfélög og hegðun fólks þrátt fyrir að áherslur séu mismunandi (Yow, 2005: 5-7). Í einstaklingsviðtölum er mikilvægt að viðtöl fari fram í næði og sýna þarf viðmælanda þolinmæði og frelsi til þess að tjá sig á þann hátt sem honum líður best með. Öll umhverfishljóð koma vel fram á upptöku og því skiptir umhverfið miklu máli, viðmælandi þarf að fá tækifæri til þess að tjá sig og sínar tilfinningar án truflunar en öll truflun hefur áhrif á viðmælanda og hans frásögn ef áreiti er til staðar (Yow, 2005: 93).

Ég notaðist við spurningarlista í öllum fjórum viðtölunum þó hann ætti ekki alltaf við en mér fannst ákveðið öryggi fólgið í því að hafa spurningar á blaði fyrir framan mig. Yow bendir á í bók sinni *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences* að mikilvægt sé að undirbúa sig áður en viðtal fer fram. Í því felst að kanna bakgrunn viðmælanda, velja umræðuefni og hverju rannsakandi vill komast að og semja spurningalista sem hægt er að styðjast við ef þörf krefur (Yow, 2005: 68-69). Þar sem ég var í hlutverki rannsakanda í fyrsta skipti vildi ég notast við spurningalista í mínum viðtölum, bæði vegna þess að ég hafði áhyggjur af því að gleyma spurningum en einnig til þess að vera viðbúin að leiða viðtalið ef til þess kæmi. Viðmælendur höfðu allir frá mörgu að segja og viðtölin gengu vel.

4.1 Viðmælendur og vettvangur

Hjördís Rós Egilsdóttir

Hjördís Rós var fyrsti viðmælandi minn en hún er fædd árið 1984, gift, þriggja barna móðir og er búsett í Reykjanesbæ. Hún er leiðbeinandi í grunnskóla meðfram háskólanámi en

Þegar viðtalið var tekið var hún ófrísk af þriðju dótturinni og var heimavinnandi. Við kynntumst árið 2012 þegar við höfum báðar nám við Háskólabrú Keilis og höfum verið vinkonur síðan. Hún er meðlimur í Facebook hópnum „Silver Cross fíklar á Íslandi“. Ég var nokkuð vel undirbúin fyrir viðtalið og hafði einnig undirbúið viðmælandann vel. Ég sagði henni að við þyrftum ákveðinn stað til að fá næði og bauð henni að velja hvar og hvenær viðtalið færi fram en í framhaldinu bauð hún fram sitt heimili. Miðvikudaginn 5. febrúar 2014 heimsótti ég Hjördísi Rós suður í Reykjanesbæ. Ég hafði talað við hana í síma daginn áður og við mæltum okkur mót klukkan ellefu um morguninn því þá voru mestar líkur á að við fengjum ró og næði.

Hjördís Rós á einn gullfallegan, flöskugrænan Silver Cross vagn sem hún fjárfesti í árið 2013 og hefur mikið dálæti á honum. Það var milt og gott veður, örlítill rigning en lítill vindur og veður það að teljast nokkuð gott miðað við febrúar mánuð. Þegar ég renndi í hlað svaf dóttir hennar, Agla Fanney, værum blundi úti í Silver Cross vagninum. Hjördís var ein heima ásamt yngri dóttur sinni og við vorum í algjöru næði þar til Agla Fanney vaknaði en hún vaknaði ekki fyrr en viðtalinu var lokið. Maðurinn hennar var í vinnunni og eldri dóttirin var á leikskólanum. Ég var að heimsækja Hjördísi Rós í fyrsta sinn eftir að hún, ásamt fjölskyldu sinni, flutti í nýja íbúð og því var tekin örlítill vettvangsferð um nýju íbúðina áður en viðtalið hófst. Við komum okkur fyrir inni í stofu, Hjördís í leðursófanum og ég í stól á móti henni. Hún bauð mér kaffi sem ég afþakkaði en hún fékk sér sjálf bolla. Viðtalið gekk nokkuð vel og var virkilega áhugavert en var frekar stutt eða tæpar sautján mínútur. Hjördís var yfirveguð og sagði skemmtilega frá og henni þótti gaman að því að ég skyldi hafa áhuga á hennar vagni.

Aðalheiður Svana Sigurðardóttir

Aðalheiður Svana er fædd árið 1967, er búsett í Hafnarfirði, er gift og á fjögur börn. Ég hafði séð viðtal við hana í DV þar sem hún sagði frá sínum áhuga á Silver Cross barnavögnum og hún er einnig meðlimur í Facebook hópnum „Silver Cross fíklar á Íslandi“. Ég þekkti hana ekki og því sendi ég henni skilaboð þar sem ég sagði henni frá verkefninu mínu og í framhaldi af því hringdi ég í hana. Hún vildi glöð aðstoða mig en vegna anna hjá henni þurftum við að fresta viðtalinu einu sinni. Við mæltum okkur mót á heimili hennar í Hafnarfirði mánudaginn 17. febrúar árið 2014. Aðalheiður Svana býr í fallegu einbýlishúsi í Áslandinu en ég hitti hana á mánudagsmorgni klukkan ellefu. Veðrið

var ótrúlega fallett og sólin skein inn um gluggana. Aðalheiður Svana var ein heima ásamt hundinum Morra og við fengum algjört næði þrátt fyrir hundinn sem hreyfði sig ekki úr sófanum á móti okkur en við komum okkur fyrir í fallettu stofunni hennar. Í fyrstu sat hún í sófanum á móti hundinum og ég á móti henni í stól en Aðalheiður Svana stakk upp á því að ég kæmi til hennar í sófann og mér fannst það góð hugmynd. Þar fór betur um okkur báðar og ég var nær henni með upptökutækið.

Aðalheiður Svana býr yfir mikilli þekkingu um þessa vagna og öllu tengdu þeim. Hún hefur gríðarlegan áhuga á öllu sem viðkemur Silver Cross vögnum en hún hefur gert upp marga vagna og hefur ekki tölu á öllum þeim vögnum sem hafa haft viðkomu hjá henni. Hún var með einn stóran vagn uppsettan heima sér og annan dúkkuvagn en þeir eru báðir frá miðri síðustu öld. Hún var líka með nokkuð marga vagna í geymslu, þá bæði heima hjá sér og hjá vinum og vandamönnum. Það var einn dúkkuvagn inn í bílskúr sem hún sýndi mér og hún á annan alveg eins barnavagn upp á lofti hjá sér. Mér fannst einnig áhugavert að í bakgarðinum hennar var hún með tvo gamla vagna sem hún átti eftir að gera upp. Annar var undir segldúk en hann er mikið skemmdur og þarfnast viðgerða. Hinn stóð úti en í honum var hún búin að gróðursetja falleg blóm sem var mjög skemmtilegt, það var ánægjulegt að sjá vagninn í öðru hlutverki en vanalega.

Aðalheiður Svana var bæði áhugasöm og hjálpsöm en hún svaraði nánast öllum þeim spurningum sem ég hafði undirbúið án þess að ég spyrði. Einnig sagði hún skemmtilega frá og ég hefði eflaust truflað hana við frásögnina ef ég hefði gripið fram í fyrir henni. Hún var mjög einlæg og náði að halda athygli minni allan tímann. Ég stoppaði tækið eftir um fimmtíu og fimm mínútur en þegar ég var búin að slökkva sagði hún mér frá meiru tengdu vögnunum. Ég bað hana því um leyfi til þess að fá að setja tækið af stað aftur og fékk rúmlega sjö mínútur í viðbót. Þegar ég hafði slökkt á tækinu í seinna skiptið sýndi hún mér þá vagna sem hún var með heima hjá sér.

Erla Ragnarsdóttir

Erla er fædd árið 1984 og er búsett í Reykjanesbæ. Hún er gift og í dag á hún fjögur börn en þegar viðtalið var tekið átti hún þrjú börn. Hún var þriðji viðmælandi minn og ég þekkti hana ekki fyrir viðtalið en fékk ábendingu frá sameiginlegri vinkonu okkar. Hún er einnig meðlimur í Facebook hópnum „Silver Cross fíklar á Íslandi“. Ég sendi henni skilaboð og hún var tilbúin til þess að aðstoða mig við þetta verkefni. Við ákváðum að hittast á heimili

hennar mánudaginn 24. febrúar og ég renndi suður í Reykjanesbæ en hún býr í fallegu einbýlishúsi í Innri Njarðvík. Við höfðum mælt okkur mót klukkan eitt eftir hádegi og ég var mætt tímanlega. Veðrið var ágætt, sólin skein en það var dálítið kalt og vindasamt. Við komum okkur fyrir við eldhúsborðið og Erla fékk sér kaffi. Elsti sonur hennar var í skólanum, miðjudrengurinn svaf í vagninum sínum úti og sá allra minnsti svaf í sínum fallega Silver Cross vagni inni hjá okkur en við vorum í algjöru næði þangað til miðjudrengurinn vaknaði. Viðtalið var ekki nema rétt rúmlega tuttugu og tvær mínútur. Ég hefði ef til vill getað teyggt viðtalið aðeins lengur en ég ákvað að slökkva þegar drengurinn vaknaði. Erla var örlítið spennt og stressuð í fyrstu en það lagaðist fljótlega. Ég fann einnig sjálf fyrir örlitlu stressi í upphafi en reyndi að vera yfirveguð og fljótlega varð samtalið okkar afslappað og þægilegt.

Gyða Björk Jóhannsdóttir

Gyða Björk er fædd árið 1975 og er búsett í Sandgerði. Hún er gift og á þrjár dætur. Hún var fjórði og síðasti viðmælandinn minn og er einnig meðlimur í Facebook hópnum „Silver Cross fíklar á Íslandi“. Ég hef þekkt hana lengi því við komum báðar frá Sandgerði þar sem hún býr enn. Ég hafði samband við hana á Facebook og talaði svo við hana í síma þar sem við ákváðum að hittast á heimili hennar sunnudaginn 2. mars 2014. Gyða Björk býr í fallegu einbýlishúsi og þegar ég kom til hennar klukkan rúmlega fimm var dagurinn svo sannarlega fallegur og sólin skein inn um gluggana. Fjölskylda Gyðu Bjarkar, eiginmaður og þrjár dætur, voru öll heima en þau höfðu komið sér vel fyrir í herbergjum hússins og við fengum því næði til þess að tala saman í stofunni. Við komum okkur fyrir við borðstofuborðið, á móti hvor annarri með vatnsglös og sælgæti í skál.

Gyða Björk kom mér á óvart og hún hafði frá svo ótalmörgu að segja. Ég fann að hún var stressuð þegar við byrjuðum viðtalið þó að hún hefði ekki orð á því við mig. Hún talaði svolítið hratt og spurði mig nokkrum sinnum „hvað meira“. Ég reyndi sjálf að vera yfirveguð og hún róaðist þegar leið á viðtalið sem tók rúmlega fjórtíu mínútur en ég er nokkuð viss um að ég hefði getað talað við hana mun lengur. Klukkan var orðin svo margt og þar sem fjölskyldumeðlimir voru innilokaðir í herbergjum sínum á meðan á viðtalinu stóð kunní ég ekki við að spyrja fleiri spurninga en ég fékk þó fullt af upplýsingum frá henni. Þær spurningar sem ég hafði undirbúið áttu ekki allar við en það kom ekki að sök því hún sagði mér svo margt áhugavert. Eftir viðtalið sýndi hún mér gömul myndaalbúm

og við gleymdum okkur aðeins í þeim. Það var sérstaklega gaman að skoða þessi myndaalbúm af því að ég þekki nánast allt fólkið á þessum myndum. Það sem var þó áhugaverðast var að í hverju einasta albúmi voru margar myndir af vögnum, sérstaklega þó Silver Cross vögnum. Hún hefur tekið myndir af vögnum frá því hún var smástelpa og á myndir af nánast öllum vögnum sem hún hefur átt og það eru um eitt hundrað vagnar alls. Hún á einnig myndir af fjölmörgum vögnum sem hún hefur keyrt en í æsku passaði hún börn og tók myndir af vögnunum. Í þá daga bönkuðu stelpur upp á hjá þeim sem áttu börn og báðu um að fá að passa. Gyða Björk var að sjálfsgöðu búin að kortleggja þau börn sem voru í Silver Cross vögnum og bankaði þar af leiðandi eingöngu hjá þeim. Á meðan við flettum í gegnum myndaalbúmin sagði hún mér fleiri sögur sem gaman hefði verið að eiga á upptöku. Til dæmis þegar hún heimsótti frænku sína til Svíþjóðar. Frænkan var komin á efri ár og Gyða vissi af dúkkuvagni sem var í hennar vörslu. Hún fór ásamt eiginmanni sínum, sem var reyndar kærasti hennar á þeim tíma, og heimsótti frænkuna. Þegar kom að heimferð tók Gyða að pakka saman vagninum og þá féllust kærastanum hendur því þau þurftu að ferðast um alla Svíþjóð í lest, fara yfir til Kaupmannahafnar og fljúga þaðan til Íslands. Að sjálfsgöðu voru þau með of mikinn farangur en Gyða Björk var ákveðin í því að vagninn skyldi koma heim og því dröslaði hún vagninum með sér.

Hér hefur verið greint frá þeirri aðferðafræði sem notuð var við söfnun frumgagna í þessari rannsókn og viðmælendur hafa verið kynntir ásamt vettvangslýsingum. Í framhaldi verður aðferðafræðinni beitt ásamt þeim hugtökum og kenningum sem fjallað var um í þriðja kafla.

5 Viðtalsgreining

Í þessum kafla verða viðtölin, ásamt þeim hugtökum og kenningum sem rætt var um í þriðja kafla, greind til að varpa betur ljósi á hópinn. Fjallað verður um samskonar orðræðu í kvenna- og karlaheimi varðandi endurbætur á fornbílum og Silver Cross vögnum. Jafnframt verður veruheimur, sviðsetning og fortíðarþrá viðmælenda sett í samhengi við kenningar þeirra fræðimanna sem fjallað var um í þriðja kafla.

5.1 Silver Cross og fornbílar

Þegar viðtalsgögnin voru skoðuð kom í ljós að bílaþema var nokkuð áberandi hjá öllum viðmælendum en sú málnotkun sem notuð er í tengslum við bíla, og þá einna helst fornbíla, er mjög lík þeirri málnotkun sem er notuð í tengslum við Silver Cross. Orðasambönd eins og „að massa hann upp“ „ná út stórri beyglu á hliðinni“ og „öxullinn skekkist og grindin líka“ komu fram ásamt orðum eins og bóna, smyrja, varahlutir og hjólalegur (TB2014_1: 5, TB2014_2a: 6, TB2014_3: 3, TB2014_4: 20). Viðmælendur virtust ekki setja það fyrir sig að vinna þessi verk sem þurfti að gera varðandi viðgerðir á vögnum þrátt fyrir að þessi vinna væri frekar talin karlmannsvinna og væri unnin á verkstæði eða í bílskúr. Af fjórum viðmælendum voru þrír sem höfðu yndi af þessari vinnu og helmingur þeirra lærði sérstaklega að gera upp vagna (TB2014_1:5, TB2014_2a: 7, 9, TB2014_4: 15-16).

Hjördís Rós hafði séð vagn auglýstan á netinu og keypti hann óséðan í framhaldinu. Þegar hún fékk hann kom í ljós að hann var ekki í eins góðu ástandi og haldið var fram í auglýsingunni en hún þurfti að láta gera töluvert við hann til þess að hún gæti notað hann fyrir dóttur sína. Sumt gat hún lagað sjálf en hún þurfti aðstoð frá fagmanni með annað:

Þetta er vagn frá árinu '92 og hefur greinilega verið mikið í geymslu því það fannst á lyktinni að hann hafi verið geymdur við frekar lélegar aðstæður. Hann var allur beyglaður, það þurfti að láta tjakka hann upp og skipta um ákveðna hluti sem fást ekki lengur því þetta er svo gömul týpa. Það þurfti smíð sem sérhæfir sig í forngripum til þess að fá hann í sitt upprunalega form (TB2014_1: 2).

Hún lagði áherslu á að hún vildi að vagninn kæmist sem næst sínu upprunalega horfi og það var henni mikilvægt að fagaðili myndi annast þessar viðgerðir. Vinnan við að lagfæra vagninn hennar fór fram í bílskúr og á verkstæði en ekki inni á heimili hennar. Aðspurð sagði Hjördís Rós vagninn sinn vera æðislegan og brosti um leið og hún svaraði „Þeir eru bara svo miklar drossíur, það er eins og að keyra um á Lincoln að keyra um með barnið í

Silver Cross vagni“ (TB2014_1: 4). Samanburður á dýrri bifreið og Silver Cross veitir áhugavert sjónhorn og það má segja að vagninn sé einnig ákveðið stöðutákn sem ekki sé á færi allra. „Það er einhver góð sál inni í honum, svona eins og með bílana“ (TB2014_1: 9).

Aðalheiður Svana hefur gert upp fjölmarga vagna í gegnum tíðina og hefur ekki tölu á þeim vögnum sem hafa verið í hennar eigu:

Ég eiginlega keypti þá til þess að bjarga þeim og þegar ég hafði ekki not fyrir þá sjálf þá bara seldi ég þá áfram, þegar þeir voru allir orðnir fínir og sætir og nothæfir og þegar búið var að laga þá en ég átti það til að púsla saman vögnum úr mörgum vögnum og fannst það mjög gaman (TB2014_2a: 4).

Hún eignaðist fyrsta Silver Cross vagninn árið 1987 en hann var keyptur notaður. Maðurinn hennar vann aukavinnu í marga mánuði við að skafa mótatimbur utan af húsi sem var verið að byggja til þess að eiga fyrir vagni sem hún óskaði sér. Það kemur einnig fram að hún hafi aðstoðað hann við að naglhreinsa, þá ófrísk af þeirra fyrsta barni. Að launum fékk hún draumavagninn sinn sem var úr flaueli og með flötum botni. „Það glampaði á hann krómið og allt var pússað, þetta var bara eins og bíll“ (TB2014_2a: 4-5). Þessi samlíking við bíla er áhugaverð þar sem fallegur bíll er gjarnan talinn vera ákveðið stöðutákn og samkvæmt viðmælendum má segja hið sama um fallegan Silver Cross vagn.

Þegar spjallsíða Fornbílaklúbbs Íslands er skoðuð í samanburði við viðtölin má sjá svipaða orðræðu. Þar er notast við heiti líkt og krómhúðun, varahlutir, bón og sérhönnuð dekk sem tilheyra ákveðinni tegund af fornþíl. Karlmennt gleyma sér í viðgerðum, leita af ákveðnum varahlutum, bóna bílana og sýna þá á almannafæri sem veitir þeim ákveðna samfélagslega stöðu og upphefur þá jafnvel fram yfir þá sem eiga bara „venjulega“ bíla, þá sérstaklega í karlaheimi (Fornbílaklúbbur Íslands, á.á.).

Aðalheiður Svana er með sérstaka sýn í karla- og kvennaheim þar sem hún ólst nánast upp á verkstæði en faðir hennar var bifvélavirki og sem barn varði hún miklum tíma á verkstæðinu hjá honum. Faðir hennar fékk henni ýmis verkefni sem tilheyra verkstæðisvinnu eins og að sópa, pússa rúður og bóna bíla. Hún segir að þessi reynsla hafi reynst henni vel og að hún hafi tekið þessa þekkingu yfir á vagnana ásamt því að hún lærði að sauma og laga vagna að innan sem utan. Þar sameinast karla- og kvennamenning í verkþekkingu Aðalheiðar Svönu þar sem hún hefur eytt tíma í hinni karllægu veröld á verkstæði og jafnframt kvennaveröld sem móðir og uppalandi (TB2014_2a: 6).

Erla fékk sinn Silver Cross vagn í afmælisgjöf frá eiginmanni sínum en hann var keyptur notaður á sölusíðunni bland.is. Hún var þá orðin ófrísk af þriðja barni sínu og átti þann draum að eignast loksins Silver Cross vagn:

Hann var allur ofsalega ryðgaður og ekki í góðu ástandi, tvö dekk ónýt þannig að við keyptum annan vagn og tókum grindina af honum. Við bónuðum hann, pússuðum allt ryðið eða svona það mesta og svona dúlla við hann og laga, hann er allur að koma til, er að verða rosa fínn (TB2014_3: 3).

Hér má sjá mikinn undirbúning og viðhald á draumavagni Erlu. Hann var í lélegu ástandi og að hennar mati þurfti mikla alúð og vinnu til að hún gæti notað hann fyrir barnið sitt og á almannafæri. Með því að gera hann upp, skipta út og pússa er hún að afmá ummerki fyrri eigienda og gera hann að sínum vagni.

Eins og fram kemur í kafla 3.2 hefur staða konunnar verið samofin heimilinu og ef til vill hefur barnavagninn verið einskonar framlenging á því þar sem konan setur sig á svið fyrir framan aðra í samfélaginu. Staða kvenna í dag er allt önnur en hún var á nítjandu öld og sú barátta sem hefur staðið yfir til þess að ná fram jafnrétti á milli kynja er komin vel á veg þó enn sé langt í land. Viðmælendum þykir það ekki tiltökumál að sinna þeim verkefnum sem áður voru talin karlmannsverk og vinna þau vel. Aðalheiður Svana minntist, til að mynda, á vagnadelluklúbb sem hún er meðlimur í þar sem konur eru í miklum meirihluta, en þar skiptast þær á ráðleggingum varðandi viðgerðir á vögnum (TB2014_2b: 23).

Í viðtali við Gyðu Björk kemur fram að þeir sem þekki hana viti af áhuga hennar á Silver Cross vögnum og fjölmargir hafa leitað til hennar með vagna sem þarf að gera upp. „Ég var bara aðallega í að bjarga þeim, pússa þá upp og gera þá fína, ég er með einn út í bílskúr núna sem ég var beðin um að pússa og gera fínan“ (TB2014_4: 8). Hún hefur farið á námskeið til þess að læra listina við að sauma nýtt efni innan í vagna en samkvæmt henni er slík vinna erfið. Hún hefur saumað inn í fjölmarga vagna í gegnum tíðina og hún tekur það jafnframt fram að hún myndi ekki vilja taka að sér fleiri slík verkefni (TB2014_4: 15-16). Hjördís Rós fékk aðstoð frá fagmanni til þess að laga grindina en vann að öðru leyti í honum sjálf og leitaði eftir upplýsingum á netinu til þess að allt yrði gert rétt (TB2014_1: 2-3). Erla hefur unnið sjálf að viðgerðum á sínum vagni með aðstoð frá eiginmanni sínum og hefur einnig leitað eftir ráðleggingum á netinu (TB2014_3: 3). Hér má sjá að þær vilja

setja sitt mark á vagnana, tengja þá persónulega við sig frekar en að fá fagmann til þess að sjá um allt verkið þó að þær fái stundum aðstoð.

5.2 Silver Cross – móðurhlutverkið sett á svið?

Þegar viðtöl við viðmælendur eru skoðuð má sjá að Silver Cross getur verið framlengning á einkarýminu þar sem vagninn tilheyrir heimilinu og er á ábyrgð konunnar. Vagninn er hreyfanlegur hlutur sem endurspeglar stétt og samfélagslega stöðu viðkomandi konu þegar hún fer út fyrir heimilið sitt sem almenningur hefur ekki aðgang að og hún fyllist stolti þegar hún gengur um götur bæjarins með vagninn.

Fyrir síðustu aldamót var Silver Cross menningin sterk á Suðurnesjum sem og í öðrum sjávarplássum á Íslandi og rík áhersla var lögð á að barnavagninn væri glæsilegur og að vel væri hugsað um hann. Slíkir vagnar voru dýrir en jafnframt eftirsóttir vegna þess að konur vildu einungis það besta fyrir sín börn en mögulega vildu þær einnig setja sig á svið fyrir utan heimilið til þess að styrkja stöðu sína í samfélaginu (TB2014_1: 5, TB2014_2a: 5, 8, TB2014_3: 3, 7, TB2014_4: 10, 17). Silver Cross vagnar voru algengir hjá efnuðu fólki vegna þess að þeir voru dýrir en hins vegar var hægt að fá þá á betra verði ef þeir voru fluttir inn með skipum. Í sjávarplássum, eins og til dæmis á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, á Akranesi og á Ísafirði, voru Silver Cross vagnar vinsælir og eflaust má segja að ákveðin tíska hafi verið ríkjandi. Stöðutáknið hjá mæðrum var Silver Cross vagn og fátt annað kom til greina. Í viðtali við Hjördísi Rós kemur fram að hún viti um marga vagna sem hafi gengið á milli kynslóða í fjölskyldum og að þeir hafi verið teknir í gegn á milli barna þegar þörf var á því. Mæður eða feður hafi þá jafnvel getað notað vagna sem þau hafi sjálf verið í (TB2014_1: 7).

Allir viðmælendur voru spurðir um þá athygli sem þeirra vagnar fengu þegar gengið var um með þá og svörin voru nánast samhljóðandi, þær fengu mikla athygli sem þær tóku fagnandi. Þeim þótti ánægjulegt að ganga með vagninn á almannafæri og sú athygli sem þeim var sýnd töldu þær verðskuldaða.

Ég fékk bara endalusa athygli, fólk hafði ekki séð annað eins og að vera með töskuna framan á og alla þessa fylgihluti, fólk tók bara andköf. Þvílík og önnur eins athygli út á þennan blessaða vagn sem mér leiddist ekkert sko. Maður var þvílíkt ánægður með bæði barnið og vagninn, það var endaláus athygli út á hann (TB2014_4: 17).

Gyða Björk sagðist aðspurð að henni hafi alltaf liðið vel þegar hún fór út að ganga með barnið í vagninum og hún fékk mikla athygli. Hún bjó, og býr enn, í litlu bæjarfélagi úti á landi þar sem allir þekkja alla og fólk veigrar sér ekki við að spjalla við aðra. Að hennar mati eru þeir vagnar sem seldir eru í verslunum í dag ekkert sérstaklega merkilegir og telur hún að endingartími þeirra sé stuttur vegna lélegra gæða. „Nei, ekki eins og Silver Cross, þetta er bara ekki í líkingu sko, þetta er alveg svart og hvítt. Þú notar þá fyrir eitt barn og svo getur þú hent þessu bara“ (TB2014_4: 19).

Hjördís Rós hefur fengið mikla athygli út á vagninn hvar sem hún kemur og fólk hefur gengið upp að henni til þess að segja henni hversu fallegur vagninn hennar sé. Hún segist jafnframt hafa orðið vör við að fólk snúi sér við þegar hún gengur framhjá. „Það er alls staðar sem ég labba, þar er snúið við, af því líka að hann er með bátalaginu, það er svolítill stíll yfir því“ (TB2014_1: 4). Þegar hún var spurð hvernig henni liði þegar hún væri úti með vagninn var augljóst að hann hefur mikla þýðingu fyrir hana og svaraði hún með bros á vör: „mér finnst það geðveikt, ég geymi það fram í lengstu lög að setja á hann regnplastið, þannig að það sjáist alveg örugglega að ég er með flöskugrænan, bátalaga Silver Cross vagn (TB2014_1: 5). Hún nefnir einnig að það fari vel um barnið í vagninum og að hún sofi sérstaklega vel þegar hún er sett út í hann, mun betur en þegar hún sefur inni (TB2014_1: 8). Þegar Hjördís Rós gengur um bæjarfélagið með falletta Silver Cross vagninn sinn fyllist hún stolti, bæði vegna barnsins og vagnsins. Hún fær verðskuldaða athygli sem henni líður vel með og veitir henni sjálfstraust og styrkir jafnvel hennar stöðu í samfélaginu. „Mér finnst ég agaleg skvísa með hann, þetta er svona eins og mjög góður fylgihlutur (TB2014_1: 5). Hér má sjá hvernig hún setur sig á svið með vagninn þar sem hún lítur á hann sem fylgihlut en merkjavörur eins og handtöskur frægra tískuhúsa hafa löngum verið taldar fylgihlutir.

Erla segist einnig fá athygli þegar hún fer út í gönguferð með sinn vagn en hún hefur ekki farið mikið með hann. Litli drengurinn er enn svo lítill en hún hefur notað hann þegar veðrið er gott. „Hann er bara spari, hann fer bara út í góðu veðri“ (TB2014_3: 7). Hins vegar heimsótti hún svilkonu sína sem býr á Siglufirði þegar miðjudrengurinn hennar var lítill og fékk lánaðan vagn hjá henni:

Hún á grænan með bátalaginu og það er rós á hliðinni og hann er guðdómlegur, hann er svo fallegur. Ég labbaði með miðjustrákinn minn í honum þegar hún var að vinna og þá snúast allir hausar þegar maður labbar með þann vagn. Hann er alveg

einstakur, hann er með leðursvuntu og ljós flöskugrænn og dökkgrænn skermur (TB2014_3: 8).

Hún sagði jafnframt að henni langi mikið í slíkan vagn, annað hvort flöskugrænan eða vínrauðan, með bátalagi og notaði lýsingarorðið „guðdómlegur“ þegar hún í viðtalinu. Hún er samt sem áður mjög ánægð með sinn vagn og þykir hann fallegur. Hún nefndi einnig að núverandi vagn sé fyrsti Silver Cross vagninn og að hún muni ekki selja hann nema að hún fái draumavagninn sinn (TB2014_3: 12).

Aðalheiður Svana eignaðist nýjan vagn nokkrum árum áður en hún varð ófrísk af þriðja barni sínu. Hún hafði fylgst með umræðum um fyrirtækið sem var í fjárhagsvandræðum en varð svo gjaldþrota. Hún varð óróleg og reyndi að finna vagn en þeir voru uppseldir í öllum verslunum, bæði hér heima sem og í Bretlandi. Hún hringdi í allar verslanir í London sem seldu Silver Cross vagna og eftir mörg símtöl komst hún loks í samband við verslun fyrir utan London sem átti til einn bláan, leðurólavagn sem hún keypti og lét senda til Íslands með flugi. Sá vagn var mjög dýr en hún segir að hann hafi verið hvernig krónu virði og hún notaði þann vagn fyrir yngri börnin sín tvö. „Hann var blár, kóngablár með skiptitösku og öllum græjum í og það tindraði á hann“ (TB2014_2a: 5-6). Það kom einnig í ljós að móðir hennar var mótfallin þessum kaupum og varaði hana við ógæfu sem gæti fylgt þeim þar sem hún hafi áður átt í erfiðleikum með að verða ófrísk. Hún hlustaði ekki á ráðleggingar móður sinnar og varð barnshafandi af syni sínum nokkrum árum síðar (TB2014_2a: 5). Hún minnst þess einnig þegar sonur hennar var lítil í þessum vagni og hún fór með hann á skemmtun í miðbæ Hafnarfjarðar 17. júní. „Fólk snéri sér við, bara hvar fékkstu þennan vagn og mér fannst það rosalega gaman“ (TB2014_2a: 8). Samkvæmt Dorothy Noyes getur framkoma fólks haft áhrif á hvernig viðtökur í samfélaginu verða (Noyes, 2016: 43). Með því að setja sig á svið fyrir framan aðra er verið að leita eftir samþykki samfélagsins og á sama tíma er verið að sýna fram á að viðkomandi tilheyrir því samfélagi sem hann býr í.

5.3 Silver Cross og fortíðarþrá

Í viðtölunum má einnig lesa ákveðna fortíðarþrá sem fjallað var um í kafla 3.6. Efnislegar leifar fortíðar, sem eru í þessu tilfelli vagnar, hafa mismunandi þýðingu fyrir viðmælendur. Gamall vagn er gerður fallegur á ný svo hægt sé að nota hann fyrir það dýrmætasta sem til er, sjálft barnið (Casman, 2006: 141). Gyða Björk hefur bjargað mörgum vögnum sem

aðrir hafa látið frá sér og vilja . „Ég vil ekki vita að hann fari á haugana, það er bara eitthvað sem ég má ekki vita“ (TB2014_4: 8). Þessi sterka þörf og þessar miklu tilfinningar sem Gyða Björk ber til Silver Cross vagna má einnig tengja við kenningar um hrif en samkvæmt Sara Ahmed hafa hlutir mismunandi þýðingu fyrir hverjum og einum (Ahmed, 2010: 29).

Ég er alveg komin yfir þetta Silver Cross dæmi en samt ekki. Ég bara elska þegar ég sé hann, þá gerist eitthvað í hausnum á mér og þegar ég kem við hann og finn lyktina. Þetta er stórskrýtin tilfinning, örugglega aðrir með einhverja tindáta sem þeir eru sjúkir í eða lestar og bíla þá þurfti ég að fá þessa furðulegu bakteríu, Silver Cross vagnar (TB2014_4: 10).

Einstaklingar bregðast mismunandi við þeim hlutum sem eru í umhverfinu og hægt er að tengja viðbrögð fólks við minningar þess þar sem fortíðin er mikilvægur þáttur (Löfgren, 2014: 81).

Hennar fortíð er að stórum hluta tengd Silver Cross vögnum, allt frá því að hún var lítil stúlka og á hún margar fallegar minningar tengdar vögnum þó ákveðnir vagnar standi upp úr. „Ég sel þá aldrei, þeir verða aldrei seldir“ (TB2014_4: 10). Fram kemur að það séu fimm vagnar sem hún ætli aldrei að láta frá sér þar sem þeir hafa tilfinningalegt gildi fyrir hana og eru hluti af henni en þetta eru meðal annars vagnar sem hún keypti fyrir dætur sínar (TB2014_4: 10). Hjördís Rós er með svipaðar tilfinningar gagnvart vögnunum líkt og Gyða Björk en hún leggur áherslu á að vagninn verði áfram í eigu fjölskyldunnar og hún ætlar ekki selja hann. „Draumurinn er að börnin mín komi til með að vilja nota hann undir barnabörnin mín og svo geti hann gengið í fjölskyldunni alveg eins og bastvöggurnar frá Blindrafélaginu, að þetta verði fjölskyldugripur (TB2014_1: 6).

Eins og fram kemur í kafla 3.5 geta tilteknir hlutir vakið upp hrif og vissar tilfinningar en einstaklingur getur sýnt líkamleg viðbrögð þegar hann upplifir þær (Ahmed, 2010: 30). Þessi útskýring á hrif kemur vel við sögu en Gyða Björk sýndi sterk, líkamleg viðbrögð þegar hún heimsótti sýninguna „. . . svo miklar drossíur“ sem fór fram árið 2018 en þessi ritgerð og sýningin sjálf byggir á þessum viðtölum. Glænýr, bleikur Silver Cross dúkkuvagn kallaði fram þörf til þess að þefa af dekkjum vagnsins því henni þykir lyktin af þeim ómótstæðilega góð. Bleikur litur er í uppáhaldi hjá henni en samkvæmt henni þá gerist eitthvað innra með henni þegar hún kemur við vagnana, eitthvað sem hún á erfitt með að útskýra (Gyða Björk Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 4. nóvember 2018). Hún nefndi einnig þessa þörf til að snerta vagnana í viðtalinu. „Mér þykir rosalega vænt um þá, þegar

ég fer þar sem þeir eru í geymslu þá skoða ég þá alltaf, kíkji aðeins á þá, toga í handfangið og svona“ (TB2014_4: 13). Í viðtalinu kemur fram að hún hafi haft unun af að ganga úti með vagna en þeir þurftu að vera nýbónaðir og dekkir hrein. „Mér finnst rosa gaman að labba með vagna, mér finnst það bara skemmtilegast í heimi, ég vex ekkert upp úr því“ (TB2014_4: 13).

Hún lýsir svo atburðarrás sem átti sér stað þegar hún fór fyrir tilviljun á uppboð og sá þar vagn sem hún féll fyrir. Vagninn var síðasti hluturinn á uppboðinu en hún ætlaði sér alls ekki að kaupa hann:

Ég var komin með svo öran hjartslátt að því að mig var farið að langa svo rosalega mikið í hann. Ég hugsaði af því að ég var hætt, ég ætlaði ekki að eiga fleiri vagna en svo endaði það með því að ég var eina sem bauð í hann og fékk hann, bara á fyrsta verði og ég fór út brosandí allan hringinn (TB2014_4: 14).

Vagninn var rauður en hún segir sjálf að rauðir vagnar séu hennar uppáhalds vagnar og því hafi þetta átt að gerast eins og örlög. Hún hefur átt alla liti af Silver Cross vögnum en þó ekki alla í einu. Henni þykja vagnar sem eru með stálbotni ákaflega fallegir en tekur þó fram að það skipti ekki öllu máli. „ . . . bara ef það stendur Silver Cross þá er ég glöð“ (TB2014_4: 15).

Þegar Aðalheiður Svana var búin að eiga sín fjögur börn og ætlaði ekki að eignast fleiri, gat hún eytt meiri tíma í áhugamál sitt, Silver Cross vagna, og vinna enn frekar með þá. Henni þótti skemmtilegt að lagfæra og gera þá upp og tók að sér slík verkefni fyrir aðra. Á einum tímamarki var hún með tólf vagna inn í bílskúr hjá sér og maðurinn hennar spurði hana góðlátlega hvort hún vildi nú ekki selja einhverja vagna þar sem þau voru ekki að nota þau og ætluðu ekki að eignast fleiri börn:

Ég veit ekki hvað gerist hjá konum, eins og hjá mér. Ég er búin að eiga tvo hópa af börnum [fjögur börn] þegar maður tekur ákvörðun um að þú verður ekki aftur mamma. Það er í rauninni eitthvað sem allar konur kannski, eða flestar ganga í gegnum og ég gekk í gegnum það. Mér fannst ofsalega erfitt að viðurkenna það að ég yrði ekkert mamma aftur og mig langaði alltaf í fullt af börnum en svona æxlaðist þetta. Maður fær einhverja þörf til þess að viðhalda þessu þó ég ætti ekki börn [í vagni]. Ég skildi ekkert af hverju ég var svona en ég held að það hafi tengst þessari ákvörðun að þú værir ekki lengur að eiga börn (TB2014_2a: 6-7).

Þegar barneignum var lokið var komið að ákveðnum tímamótum í hennar lífi. Tengslin frá móður til barns og við Silver Cross vagna voru að einhverjum hluta rofin og hún átti aðeins minningar eftir. Eins og kemur fram í kafla 3.5 hafa hlutir mismunandi áhrif á einstaklinga

og geta vakið upp sterkar tilfinningar. Silver Cross vagn hefur táknræna og gildishlaðna þýðingu fyrir hana og skiptir hana máli, bæði vegna þess að hún tengir vagna við þann tíma þegar börnin hennar voru lítil í vagni og vegna þess að vagnar eru áhugamál hennar. Eins og sjá má eru vagnarnir ákveðin tenging viðmælenda við fortíðina og sagan sem fylgir þeim er mikilvæg og tilfinningalega hlaðin. Að farga þeim væri líkt og að farga minningum fyrri kynslóða sem áttu þá og það skiptir máli hvernig við ljáum hlutum merkingu því sagan býr í hlutum sem fylgja okkur í gegnum lífið.

Í þessum kafla hafa þau helstu þemu, sem tekið var eftir í viðtölum, greind og tengt við kenningar innan þjóðfræðinnar. Í næsta kafla verður fjallað um sýninguna sem byggði á þessari ritgerð að hluta til.

6 „. . . svo miklar drossíur“ – sýning í Duus Safnahúsum

Í gegnum námið hefur þessi áhugi á Silver Cross barnavögnum fylgt mér og þegar ég sat námskeið í safnafræði sem ber heitið Rokkar, stokkar og reður í krús á síðustu önn, vann ég verkefni sem fólst í því að ég átti að finna verðugt viðfangsefni fyrir starfandi safn og setja upp sýningu á því viðfangsefni. Hluturinn eða hlutirnir máttu ekki hafa verið sýndir áður en annars voru hendur mínar nokkuð frjálssar varðandi viðfangsefni. Verkefnið var ekki raunverulegt en ég þurfti samt sem áður að finna safn sem gæti tekið við mínu viðfangsefni og útbúa áætlun í samræmi við það.

Ég var alltaf með hugann við Silver Cross vagnana og hafði stundum leyft mér að dreyma um að setja upp sýningu á þessum fallegum vögnum en aldrei látið verða af því. Ég ræddi við Guðrúnu Dröfn Whitehead, kennara í námskeiðinu, sem samþykkti að viðfangsefnið yrði Silver Cross barnavagnar. Í framhaldi af því hafði ég samband við Valgerði Guðmundsdóttur, menningarfulltrúa Reykjanesbæjar, sem sýndi þessu verkefni mikinn áhuga og vildi hitta mig á fundi. Ég hitti hana einn föstudagsmorgun í byrjun apríl þar sem hún bauð mér að setja upp sýningu á Silver Cross barnavögnum á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Hún hafði mikla trú á mér og þessu verkefni mínu og taldi að það myndi henta vel á Ljósanótt. Ég hugsaði mig um í nokkar mínútur og ákvað svo að taka þessu boði hennar. Hún setti mig í samband við Eirík Jörundsson, safnstjóra Byggðasafns Reykjanesbæjar, og í sameiningu unnum við að sýningu sem opnaði þann 30. ágúst 2018.

Við Eiríkur, sýningarstjóri, hittumst svo í lok apríl og fórum yfir mínar hugmyndir að sýningunni og hvernig best væri að setja slíka sýningu upp. Í upphafi hafði ég hugsað mér að hafa átta til tólf vagna í sýningarrýminu ásamt myndum af Suðurnesjabúum með Silver Cross vagna. Mig langaði að hafa fjölbreyttar myndir frá hinum ýmsu tímabilum sem sýndu fólk með Silver Cross vagna og ég vildi láta prenta þær á spjöld sem síðan yrðu hengd upp á vegg í sýningarrýminu. Eiríki leist mjög vel á þær hugmyndir sem ég hafði og var ákveðið að ég myndi útvega bæði vagna og myndir á sýninguna. Ég er sjálf úr Sandgerði og maðurinn minn frá Njarðvík auk þess sem við höfðum búið í Keflavík fram til ársins 2006. Ég þekki því mjög vel til á Suðurnesjum og hef tengingu við fjölda fólks sem þar býr. Þar sem ég átti ekki Silver Cross vagn sjálf, þurfti ég að auglýsa eftir vögnum sem ég gæti fengið lánaða. Ég vildi að sjálfsögðu ekki fá vagna sem voru í notkun því sýningin var opin til 4. nóvember og ég vildi alls ekki börn yrðu án barnavagns í svo langan

tíma. Því lagði ég áherslu á að ég vildi einungis fá vagna sem væru ekki í notkun á þessu tveggja mánaða tímabili. Í gegnum tíðina hefur verið sterk Silver Cross menning á Suðurnesjum, eins og fram hefur komið hér að framan, eins og í öðrum sjávarþorpum víðs vegar um landið en í samtölum við fólk í tengslum við sýninguna komst ég að því að þessir vagnar voru meðal annars vinsælir á Akranesi, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Vinsældir má rekja til sjötta áratugs síðustu aldar en þá voru siglingar frá Íslandi til Hull og Grimsby algengar. Skipin sigldu með fullar lestar af fiski en komu til baka með Silver Cross vagna ásamt ýmsum öðrum varningi.

Í litlum samfélögum eins og á Suðurnesjum er samband íbúa oft nokkuð náið og „allir þekkja alla“ hugtakið á vel við. Fyrir mér var mikilvægt að vagnarnir og myndirnar kæmu frá Suðurnesjum því ég vildi að íbúar svæðisins myndu upplifa einhverja tengingu við sýningargripina og við myndirnar og því setti ég inn færslu á Facebook síður bæjarfélaganna, Keflavík, Njarðvík, Sandgerði, Garður, Grindavík, Vogar, þar sem ég lýsti verkefninu í stuttu máli og óskaði eftir aðstoð íbúanna. Viðbrögðin fóru fram úr mínum björtustu vonum og fjölmargir sendu mér skilaboð og buðu fram aðstoð sína með bæði vagna og myndir. Ég vildi hafa sýninguna fjölbreytta og var því heppin að fá tækifæri til þess að velja úr vagna sem ég taldi að myndu passa á sýninguna. Það var óvenjulegt að leggja af stað í verkefni sem þetta þar sem safnið átti ekki einn hlut á sýningunni og ég þurfti að treysta á velvilja annarra til þess að sýningin yrði að veruleika. Ég lagði upp með að fá átta til tólf vagna lánaða en að lokum var ég komin með tuttugu og einn vagn. Ég lagði einnig áherslu á að fá myndir af fólki og Silver Cross vögnum til þess að setja á veggina í sýningarrýminu og viðbrögðin voru mjög góð. Ég fékk fjöldan allan af myndum sem ég lét prenta á spjöld ásamt tilvitnum úr viðtölunum sem ég tók og vöktu spjöldin mikla athygli.

Sýningarrýmið var Stofunni í Duus safnahúsum í Reykjanesbæ en það er elsta rýmið í húsinu, byggt árið 1877 sem er skemmtileg tilviljun því Silver Cross vörumerkið var stofnað sama ár. Ég vildi að vagnarnir myndu njóta sín sem best og yrðu settir upp á mismunandi háa palla til þess að ná fram skemmtilegu flæði. Við Eiríkur ræddum hvernig best væri að útfæra þessa palla og ákváðum að þemað yrði gangstéttar sem starfsmaður Byggðasafnsins gæti smíðað og málað í gráum lit. Nokkrir vagnar voru settir hærra en aðrir en allir voru þó á palli. Þessi lausn kom líka í veg fyrir að fólk myndi keyra vagnana

um sýningarrýmið. Ég ákvað líka að gaman væri að setja sængur og teppi í nokkra vagna og eigendur tóku mjög vel í þá hugmynd og létu slíkt fylgja.

Í undirbúningsvinnunni setti ég mig í samband við Eygló Scheving en hún rekur fyrirtæki ásamt manningum sínum sem er með umboð fyrir Silver Cross á Íslandi. Hún var mjög áhugasöm um þetta verkefni og bauð fram sína aðstoð. Hún sendi mér upprunalegar myndir frá Silver Cross í góðri upplausn sem ég sá strax að myndu passa mjög vel inn í rýmið. Fjórir gluggar voru á rýminu og ég vildi loka þeim til þess að trufla ekki flæðið í sýningunni og þessar myndir voru fullkomnar í gluggana. Þar sem kostnaður við prentun var hár ákvað ég að leita eftir styrk og fékk hann hjá fyrirtæki sem heitir Rafholt ehf. Þeir borguðu allan prentkostnað sem var 450.000 en Byggðasafnið lagði til alla vinnu við smíðar og málningu og ég borgaði sjálf efniskostnað.

Sýningin, „. . . svo miklar drossíur“ opnaði þann 30. ágúst 2018 í Duus safnahúsum og var opin í rúmlega tvo mánuði. Sýningin fékk mjög mikla og jákvæða athygli og aðsóknarmet var sett þessa fyrstu helgi en aldrei hafa jafn margir lagt komu sína í Duus hús á einni helgi. Til gamans má nefna að gestabókin fylltist á sex dögum og það voru ekki allir sem kvittuðu í hana en ég keypti nýja bók og fékk einnig margar fallegar kveðjur í hana. Ég var boðuð í tvö sjónvarpsviðtöl ásamt blaðaviðtölum og fékk fjölmörg hrós og heillaóskir. Margir komu að máli við mig og tjáðu mér hversu falleg þessi sýning hefði verið og ég fékk mikið lof fyrir að hafa látið þessa sýningu verða að veruleika. Mér fannst áhugavert að fylgjast með viðbrögðum fólks þegar það gekk inn í sýningarrýmið og margoft heyrði ég þegar fólk tók andköf af hrifningu þegar vagnarnir voru skoðaðir. Setningar eins og „þessi er alveg eins og minn“ og „jii hvað þessi er fallegur“ heyrðust reglulega. Konur voru í miklum meirihluta sýningargesta en þó fylgdu karlar þeim eftir og það var dásamlegt að sjá bros hjá öllum gestum. Ég fékk að heyra að gestir hefðu tengt vel við efni sýningarinnar, þessi sýning hefði vakið upp fallegar minningar sem fólk geymdi og það var ánægjulegt að fylgjast með hversu glaðir sýningargestir voru þegar þeir gengu út. Margar af þeim frásögnum sem ég fékk að heyra voru líkar þeim frásögnum sem komu fram í viðtölunum fjórum og hversu mikilvæg þessi sterku tengsl kvenna eru við móðurhlutverkið. Ég fékk að heyra fallegar minningar og sögur frá konum um sína fyrstu Silver Cross vagna, hvernig þær hugsuðu um þá eins og gersemar þar sem vagnarnir tengdust dýrmætum minningum og fortíðarþrá. Margir vagnar höfðu gengið innan sömu

fjölskyldu í mörg ár. Konurnar lýstu því fyrir mér hvernig Silver Cross menningin hafði lifað lengur á Suðurnesjum en annars staðar sem má rekja til nálægðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þeir sem unnu þar, meðal annars hjá Icelandair og komust auðveldlega erlendis, fengu svokallaða frímiða en það gerði fólki kleift að ferðast til útlanda á ódýran máta. Þessir miðar giltu fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra og hafa fjölmargir nýtt sér þessi fríðindi, meðal annars til þess að sækja vagna til Bretlands. Þar sem fiskútflutningur hafði færst frá skipum og yfir í flug vegna þess að slíkar samgöngur bjóða upp á að flytja ferskan fisk á milli landa mun hraðar en með skipi, fóru fjölmargir Suðurnesjamenn til Glasgow eða til London til þess að kaupa vagna þar sem þeir fengust á betra verði en boðið var upp á Íslandi.

Meirihluti sýningargesta voru konur þó að karlar hafi einnig heimsótt sýninguna. Áhugi þeirra á Silver Cross vögnum var eftirtektarverður og gaman að fylgjast með þeim umræðum sem áttu sér stað í sýningarrýminu. Barnavagnar hafa verið hluti af sögunni í áratugi en samt sem áður hefur ekki verið fjallað mikið um þá. Saga kvenna hefur lengi verið í skugga og jafnvel ósýnileg í sögubókum og söguvitund fólks og því nauðsynlegt að sýna hluti, eins og barnavagna sem tengjast kvennamenningu vegna þess að móðurhlutverkið er mikilvægt. Silver Cross barnavagn getur því verið nokkurskonar fylgihlutur sem móðir notar til þess að sýna stöðu sína í samfélaginu og þar sem vagninn er sérstaklega fallegur er vekur hann athygli hvert sem farið er.

Hér hefur verið greint undirbúningi sýningarinnar „. . . svo miklar drossíur“ sem var haldin í Duus Safnahúsum árið 2018 ásamt viðbrögðum sýningargesta og samfélagsins. Í næsta kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

7 Niðurstöður

Sumir hlutir hafa meiri áhrif á einstaklinga en aðrir og Silver Cross barnavagnar eru þar engin undantekning. Virðing og væntumþykja fyrir Silver Cross vögnum eru orð sem eiga við í tilfalli allra viðmælenda minna í þessari rannsókn. Í þeirra huga eru Silver Cross vagn ekki eingöngu farartæki sem er notað til þess að fara á milli staða með barn heldur ákveðið stöðutákn í samfélaginu sem mikil aðdáun fylgir.

Þær nefndu allar að það þyrfti að geyma hann við ákveðin skilyrði því annars myndi hann skemmast eða jafnvel eyðileggjast. Það þarf að bóna vagninn og smyrja hann reglulega og þær rispur eða beyglur sem myndast á vagninum þarf að lagfæra og gera við. Þær eru allar stoltar af sínum vögnum og hafa eytt bæði tíma og peningum í viðgerðir og lagfæringar. Í samfélaginu í dag er ekki oft gert ráð fyrir þessu gamla, margir vilja frekar eignast nýja hluti heldur en að nýta það sem til er og því er athyglisvert að heyra viðhorf viðmælenda minna til vagnanna. Þær vilja allar að vagnarnir fylgi fjölskyldunni og áherslan er lögð á að gera við fremur en að henda og kaupa nýtt.

Samlíking við bíla, og þá sérstaklega fornbíla, er athyglisverð en sú menning sem er til í kringum Silver Cross barnavagna eru mjög lík þeirri menningu sem ríkir hjá fornbílaáhugamönnum. Orðavalið sem er notað til þess að lýsa viðgerðum á vögnum er oft á tíðum hið sama og notað er í viðgerðum á fornbílum. Einnig eru þær aðferðir sem notast er við í viðgerðum á vögnum líkar þeim aðferðum sem notaðar eru í viðgerðum á fornbílum. Að auki fer sú vinna sem þarf að framkvæma við þessar viðgerðir í báðum tilvikum fram í bílskúrum eða á verkstæðum.

Í þessari rannsókn leitaðist ég eftir vitneskju um hvers vegna fólk velur Silver Cross barnavagna fram yfir aðra barnavagna. Viðmælendur mínir áttu það allir sameiginlegt að þykja þessir vagnar afskaplega fallegir og traustir vagnar. Það fer vel um börnin, þeir eru rúmgóðir og öryggir og skapa eigendum ákveðna samfélagslega stöðu sem færir þeim virðingu. Aðdáun fylgir þessum vögnum og þeir þykja merkilegir. Sagan sem fylgir þeim þykir einnig merkileg, hlutum þarf oft að fylgja einhver saga jafnvel þó að sagan byrji hjá þeim. Mínir viðmælendur lögðu áherslu á að vagninn yrði áfram í þeirra fjölskyldu til þess að varðveita vagninn og koma í veg fyrir skemmdir eða eyðileggingu og hugsanlega einnig til þess að varðveita hinar efnislegu leifar fortíðar, öðru nafni, minningar.

Nafnið eitt, Silver Cross fær fólk til þess að brosa við hlýjum minningum sem tengjast þeirra barnavagni og sérstakar tilfinningar vakna þegar lítið barn er lagt til svefns í fallegum vagni. Silver Cross barnavagnar hafa verið hluti af heimilum fólks, kynslóð fram af kynslóð, í áratugi og hafa sett sitt mark á samfélög fólks sem ákveðið stöðutákn. Þeir eru margir hverjir glæsilegir á að líta og vekja aðdáun og eftirtekt ásamt því að sýna samfélagslega stöðu fólks. Lýsingarorð eins og dásamlegur, gullfallegur, guðdómlegur og glæsilegur komu fram, bæði í viðtölum sem og á sýningunni sem sýnir vel að Silver Cross barnavagnar heilla marga og að þeir hrífa fólk. Þeir eru vinsælir vegna þess hversu fallegir þeir eru og viðmælendur mínir völdu þá fram yfir aðra vagna fyrst og fremst vegna fegurðarinnar en einnig vegna þess að það fer vel um börnin í þeim og að þeim líður vel þegar gengið er um með vagninn. Margir eiga fallegar minningar frá því þeirra eigin börn voru í vagni og hugsa oft til liðinna tíma. Þar sem fortíðin lifir í minningum mega þær ekki gleymast.

Silver Cross barnavagnar voru ákveðið stöðutákn áður fyrr og þykja það jafnvel ennþá, aðeins hinir efnamiklu áttu möguleika á að fjárfesta í slíkum vagni, þeir voru dýrir og eru það enn þann dag í dag. Hin gömlu gildi sem segja að það eigi að nýta það sem til er og fara vel með hlutina á jafn vel við í dag eins og fyrir um fimmtíu árum, jafnvel þó að samfélagið gleymi því ef til vill stundum.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

- Aðalheiður Svana Sigurðardóttir. (2014, 7. janúar). Alltof stórt hobby. Dagblaðið Vísir.[Viðtal].
- Davíð Kristjánsson. (2007). Pierre Bourdieu: Almenningsálitið er ekki til. Í Davíð Kristjánsson (ritstj.). Atvik II : bls. 8. Reykjavík: Omdúrman/ ReykjavíkurAkademían.
- Davíð Ólafsson. (1951, 1. september). Sjávarútvegurinn 1950. Ægir, bls 255.
- Dundes, A. (1965). The Study of Folklore. Englewood Cliffs, N.J.: Prentice-Hall.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. (1997). Að vera sjálfstæð. Ímyndir veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. Öld. Saga. Tímarit Sögufélagsins, 57-94.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. (2011). Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Frykman, J og Löfgren, O. (2008). Culture Builders. A Historical Anthropology of Middle-Class Life. New Brunswick, New Jersey og London: Rutgers University Press.
- Jónas Jónasson. (2011). Íslenzkir Þjóðhættir. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Löfgren, O. (2012). Material Culture. Í Bendix, Regina F. og Hasan-Rokem, Galit (ritstj.), A Companion to Folklore (169-183). Malden, MA: Wiley-Blackwell.
- Noyes, D. (2016). Humble Theory. Folklore's Grasp on Social Life. Bloomington, Indiana: Indiana University Press.
- Sims, M og Stephens, M. (2011). Living Folklore. An Introduction to the Study og People and Their Traditions. Logan, Utah: Utah State University Press.
- Yow, V. R. (2005). Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences (2. útg.). Walnut Creek: AltaMira Press.

Netheimildir:

- Ahmed, S. (2010) Happy Objects. Sótt 10. október 2018 af https://biblioteca-alternativa.noblogs.org/files/2012/12/Sara-Ahmed_Happy-Objects.pdf
- Löfgren, O. (2014). The Black Box of Everyday Life. Entanglements of Stuff, Affects, and Activities. Cultural Analysis 13 bls. 77-98. Sótt 16. nóvember 2018 af <https://lup.lub.lu.se/search/publication/8498912>

Fornbílaklúbbur Íslands. (á.á). Spjall fyrir áhugafólk um eldri ökutæki. Sótt 2. apríl 2019 af <http://www.jsl210.com/spjall/viewforum.php?f=1&sid=fff7f48f6b252785ef64de03f7c184d3>

Silver Cross. (á.á). Sótt þann 26. september 2018 af <https://www.silvercrossbaby.com/our-heritage/>

Munnlegar heimildir:

TB2014_1. Viðtal Thelmu Björgvinsdóttur við Hjördísi Rós Egilsdóttur 5. febrúar 2014. Í vörslu höfundar.

TB2014_2a. Viðtal Thelmu Björgvinsdóttur við Aðalheiði Svönu Sigurðardóttur 17. febrúar 2014. Í vörslu höfundar.

TB2014_2b. Viðtal Thelmu Björgvinsdóttur við Aðalheiði Svönu Sigurðardóttur 17. febrúar 2014. Í vörslu höfundar.

TB2014_3. Viðtal Thelmu Björgvinsdóttur við Erlu Ragnarsdóttur 24. febrúar 2014. Í vörslu höfundar.

TB2014_4. Viðtal Thelmu Björgvinsdóttur við Gyðu Björk Jóhannsdóttur 2. mars 2014. Í vörslu höfundar.

Viðauki

Í þessum viðauka er spurningalistinn sem notast var við í viðtölunum en hann samanstóð af eftirfarandi spurningum:

- Getur þú sagt mér frá þínum Silver Cross vagni? Hefur þú átt hann lengi? Hefur þú átt fleiri eða þennan eina?
- Hvenær ákvaðst þú að eignast Silver Cross vagn? Þegar þú varst lítil eða eftir að þú varðst fullorðin?
- Hvers vegna valdir þú Silver Cross vagn fram yfir aðra vagna?
- Hvaðan er þinn vagn? Veistu eitthvað um uppruna hans?
- Hafa mörg börn verið í þessum vagni?
- Er eitthvað búið að breyta þessum vagni eða lagfæra hann eða hefur hann sitt upprunalega útlit?
- Hvernig eru svona vagnar gerðir upp? Er það gert á verkstæði í höndum fagaðila eða einkaframkvæmd eigenda? Sumir breyta um lit, eru sprautaðir, hvernig var þinn upphaflega?
- Hvað finnst þér um Silver Cross vagna? Sjá lýsingarorðin sem koma fram og nota þau áfram
- Getur þú sagt mér meira af þinni reynslu af Silver Cross vögnum? Segðu mér nánar frá því?
- Færð þú mikla athygli eða vagninn þinn þegar þú ert með hann á göngu?
- Hvernig líður þér þegar þú keyrir Silver Cross vagninn?
- Af hverju eru finnst þér Silver Cross vagnar mikilvægir/merkilegir/fallegir? Sjá lýsingarorð sem koma fram hjá viðmælanda og nota þau
- Hvaða merkingu hefur Silver Cross vagninn fyrir þér?

- Ertu tengd vagninum tilfinningaböndum? Myndir þú lána vagninn þinn? Eða selja hann?
- Hvernig geymir þú vagninn þegar hann er ekki í notkun?